



SAMÞYKKT

SKÓLANEFNDAR SVALBARÐSSTRANDARHREPPS

Skipan, fundir og starfshættir

1. gr.

Skólanefnd Svalbarðsstrandarhrepps heyrir undir sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps og starfar í umboði hennar.

2. gr.

Skólanefnd starfar eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, stjórnáðalgrunnslulaga nr. 37/1993, laga um leikskóla nr. 90/2008 og laga um grunnskóla nr. 91/2008. Í störfum sínum skal nefndin fara eftir og taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem snerta starfssvið hennar, þá skal nefndin og fylgja samþykkt um stjórn og fundarsköp Svalbarðsstrandarhrepps eins og hún er hverju sinni. Fundir Skólanefndar skulu haldnir fyrir luktum dyrum.

3. gr.

Í Skólanefnd sitja þrír aðalfulltrúar og þrír til vara skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp Svalbarðsstrandarhrepps.

4. gr.

Sveitarstjórn tilnefnir aðalmann úr sveitarstjórn sem formann Skólanefndar og skal nefndin kjósa sér varaformann og ritara á fyrsta fundi eftir skipun hennar.

5. gr.

Formaður nefndar, boðar eða lætur boða til fundar í nefndinni með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Málsgögn skulu varðveitt með tryggum hætti þannig að óviðkomandi fái ekki aðgang að þeim. Boða ber til fundar ef helmingur eða fleiri aðalmenn í nefndinni óska þess. Formaður boðar til fundar eftir þörfum og eigi sjaldnar en nauðsyn ber til svo nefndin sinni lögboðnum hlutverkum sínum. Boðun varamanna skal vera í samræmi við samþykktir sveitarstjórnar.

Um rétt annarra til setu á fundum skólanefndar gilda ákvæði 14. gr. og skulu þeir aðilar boðaðir til fundar.

6. gr.

Ákvarðanir Skólanefndar eru ekki bindandi fyrir sveitarfélagið fyrr en þær hafa hlotið staðfestingu sveitarstjórnar. Fulltrúar hlutast ekki til um starfsemi sveitarfélagsins í málefnum sem falin eru nefndinni nema á fundum hennar. Þó getur nefndin falið fulltrúa að vinna að undirbúningi máls með starfsmanni enda felist engar ákvarðanir í þeirri vinnu. Meginhlutverk nefndarinnar er stefnumótun, en í minna mæli afgreiðsla einstakra mála. Nefndin fer ekki með starfsmannamál.



7. gr.

Hlutverk Skólanefndar er að vera sveitarstjórn til ráðgjafar, veita umsögn og hafa frumkvæði að tillögugerð og stefnumörkun á sviði skólamála samkvæmt samþykkt þessari og þeim lögum og reglugerðum sem um málaflokkinn gilda. Nefndin gerir tillögur að gjaldskrá, samþykktum og

reglum er varða þennan málaflokk, sem skulu lagðar fyrir sveitastjórn. Þá gegnir nefndin eftirlitshlutverki með starfsemi skólanna, að þar sé unnið að settum markmiðum, veitt viðeigandi þjónusta og starfsemin sé skilvirk og hagkvæm.

8. gr.

Sé nefndinni ekki falið að taka fullnaðarákvörðun um mál, skv. lögum eða samþykkt þessari, teljast ályktanir hennar tillögur til sveitarstjórnar, enda þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir nefndar. Slíkar ákvarðanir þurfa staðfestingu sveitarstjórnar.

Um fundarsköp Skólanefndar

9. gr.

Fundir skulu boðaðir skriflega með bréfi eða tölvupósti með minnst tveggja sólarhringa fyrirvara. Komi upp brýn mál sem krefjast skjótrar úrlausnar Skólanefndar getur fyrirvari um fundarboðun þó verið skemmri. Í fundarboði skal koma fram staður og tími fundar auk dagskrár fundarins í tölusettum liðum. Fundarboði skulu fylgja öll þau gögn sem fulltrúum eru nauðsynleg til að taka upplýsta ákvörðun í málum sem eru á dagskrá fundarins. Formaður Skólanefndar eða varaformaður í forföllum hans skal boða fundi nefndarinnar í samráði við sveitarstjóra. Boðun varamanna skal vera í samræmi við samþykktir sveitarstjórnar.

10. gr.

Sveitarstjóri Svalbarðsstrandarhrepps undirbýr með formanni nefndarmál sem lögð eru fyrir Skólanefnd og fylgir eftir staðfestum samþykktum og ákvörðunum hennar. Sveitarstjóri sér um samskipti við starfsfólk á sviði skólamála og heldur formanni upplýstum um ný mál og framvindu annarra.

11. gr.

Formaður nefndarinnar stýrir umræðum og atkvæðagreiðslu á fundum. Auk kjörinna fulltrúa í Skólanefnd á sveitarstjóri seturétt á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Fundir skulu haldnir skv. boðaðri dagskrá. Öll frávik frá henni skulu borin undir atkvæði. Engin mál skulu tekin til meðferðar nefndarinnar án undirbúnings.

12. gr.

Skólanefnd skal skrá fundargerðir og halda gerðabók. Fundargerð skal skráð með rafrænum hætti skv. samþykkt um stjórn og fundarsköp fyrir Svalbarðsstrandarhrepp. Í fundargerð skal ritari nefndarinnar skrá þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila mála, meginefni



og afgreiðslu. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal tilgreina í fundargerð hvernig atkvæði skiptust. Í fundargerð skal skrá ef einstakir fulltrúar víkja af fundi við afgreiðslu máls vegna vanhæfis. Þá skal einnig skrá í fundargerð komi fulltrúi til fundar eftir að hann er hafinn og undir hvaða lið. Sama gildir ef fulltrúi þarf að víkja af fundi áður en honum lýkur.

Trúnaðarmál, sbr. 5. og 6. grein upplýsingalaga nr. 50/1996, skal skrá í trúnaðarbók.

Trúnaðarmál, sbr. 5. og 6. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 og 15. – 17. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, skal skrá í trúnaðarbók. Í slíkum tilfellum skal skrá vísun til trúnaðarbókar í fundargerð. Færslur í trúnaðarbók skulu undirritaðar á sama hátt og fundargerð.

Um hæfi og skyldur Skólanefndarmanna

13. gr.

Um hæfi nefndarmanna Skólanefndar gilda ákvæði 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2008, II. kafli stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn og fundarsköp Svalbarðsstrandarhrepps.

14. gr.

Nefndarmönnum er skylt að sækja alla fundi Skólanefndar nema lögmæt forföll hamli. Sé nefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til formanns. Nefndarmenn skulu vekja athygli á hagsmunum sínum eða tengslum við málsaðila sem gætu leitt til vanhæfis. Nefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna, samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að nefndarmaður lætur af þeim störfum. Þetta ákvæði á einnig við um aðra fundarmenn. Auk skólanefndarmanna eiga eftirtaldir rétt til setu á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti, þegar fjallað er um málefni viðkomandi skóla:

- Skólastjóri grunnskólans eða staðgengill í forföllum hans
- Leikskólastjóri eða staðgengill í forföllum hans
- Sveitarstjóri

Áheyrnarfulltrúar nefndarinnar eru:

- Fulltrúi kennara Valsárskóla
- Fulltrúi starfsmanna Álfaborgar
- Fulltrúi foreldra barna í Valsárskóla
- Fulltrúi foreldra barna í Álfaborg

Heimilt er að boða aðra á fundi nefndarinnar til viðræðna um tiltekin mál.

Skólanefnd fer með eftirfarandi málefni:



Eftirlit með framkvæmd eftirtalinna laga og reglugerða sem á þeim byggja, eins og þau eru á hverjum tíma og að því marki sem lögin leggja skyldur á herðar sveitarfélaga:

- Grunnskólalög nr. 91/2008
- Lög um leikskóla nr. 90/2008
- Lög um menntun, hæfni og ráningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 95/2019
- Reglugerð nr. 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsum.
- Aðrar lagasetningar Alþingis og reglugerðir ráðuneyta sem á hverjum tíma tengjast verkefnum nefndarinnar.

Verkefni Skólanefndar

- Hefur eftirlit með að öll börn í Svalbarðsstrandarhreppi njóti lögboðinnar fræðslu og umönnunar. Í störfum sínum ber skólanefnd að vinna að því að allir nemendur hljóti sem besta aðstöðu og jöfnust tækifæri til náms og að skólinn veiti sérhverjum nemanda fræðslu og umönnun eftir aldri sínum og þroska og í samræmi við gildandi aðalnámskrár á hverjum tíma.
- Ber að tryggja þeim börnum sem vísað hefur verið úr skóla viðeigandi kennsluúrræði.
- Staðfestir starfsáætlun skóla ár hvert og skólanámskrár.
- Fylgist með framkvæmd náms og kennslu í sveitarfélaginu og gerð skólanámskrár og gerir tillögur til skólastjóra og/eða sveitarstjórnar um umbætur í skólastarfi.
- Stuðlar að tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla annars vegar og grunnskóla og framhaldsskóla hins vegar.
- Hefur eftirlit með að jafnan sé fyrir hendi fullnægjandi húsnaði og annar búnaður. Skólanefnd, ásamt skólastjórum, lítur eftir að uppfylltar séu kröfur laga og reglugerða á þessu sviði og gerir tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur.
- Gerir tillögu til sveitarstjórnar um skipulag skólamála.
- Hefur eftirlit með og stuðlar að því að skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðiþjónustu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.
- Hefur eftirlit með að ákvæði laga og reglugerða séu uppfyllt og gerir tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur.
- Lætur menntamálaráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sitt, framgang skólastefnu og áætlanir um umbætur.
- Hefur eftirlit með skólatengdu starfi sem veitt er í skólanum utan skólatíma svo sem frístund fyrir börn í 1.- 4. bekk í grunnskóla.



- Hefur eftirlit með skólaakstri nemenda.
- Hefur eftirlit með að til séu sem gleggstar upplýsingar um skólamál í Svalbarðsstrandarhreppi og að íbúar hafi aðgang að upplýsingum um þá þjónustu sem í boði er.
- Fjallar um rekstraráætlun áður en hún er lögð fyrir sveitarstjórn.

Nefndin annast önnur verkefni á þessum vettvangi skólamála eftir því sem sveitarstjórn ákveður eða lög mæla fyrir um.

Gildi samþykktarinnar

Sett með heimild í 40. gr. Samþykktar um stjórn Svalbarðsstrandarhrepps nr. 125

Samþykkt þessi tekur gildi með staðfestingu sveitarstjórnar 12. mars 2025



**SVALBARÐSSTRANDAR
HREPPUR**